



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur
23. september 2010
38. tbl. · 27. árg.




Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



3 dagar í Reykjavík
Gisting & Bíll
48.000



Tveggja manna herbergi
og Toyota Yaris

Hótel Adam, Skólavörðustíg 42
adam@adam.is



Breytti um stefnu og valdi næringarfræðina

„Ég reyni líka að miðla til annarra að vera skynsamir í mataræði að öllu jöfnu. Þá þarf maður ekki að neita sér um einhverja óhollustu þegar það er í boði,“ segir matvæla- og næringarfræðingurinn Salome Elín Ingólfssdóttir kann sitt hvað um hollustu. Í miðopnu greinir Salome frá því hvernig það kom til að hún fór út í þessi fræði og gefur lesendanum ýmis ráð sem gott er að hafa að leiðarljósi.



EIMSKIP

| Eyrarskáli | Sími 525 7890 |

Yfir hafið og heim

Samkaup

úrval

góðir grannar

...sjá fleiri sparnaðartilboð á
samkaupurval.is

Sparnaðartilboð



Sláturmarkaður

Tökum slátur!

Sláturkassi

Innihald: 3 slátur, fersk og pökkuð.

Lifur, hjörtu, nýru, 3 hausar, 12 gervivambir,
3 kg brytjaður mör og blóð.

Pöntunarseðill

Hvað viltu marga kassa _____

Nafn _____

Símanúmer _____

Ath. Panta þarf með 2 daga fyrirvara.

Pöntunarseðill afhendist starfsfólki kjötborðs.



Samkaup**úrval**

góðir grannar

...sjá fleiri sparnaðartilboð á
samkaupurval.isSparnaðartilboð helgarinnar **23. - 26. september****30%
afsláttur**~~1.298~~**909** kr.
kg**Krebenettur í raspi**

frystar frá Kjötseli

**NÝTT
lambakjöt**~~1.598~~**1.278** kr.
kg**Lambahryggur**

úr kjötbörði eða pakkaður ferskur

**NÝTT
lambakjöt**Ferskt **lambalæri**~~1.290~~**1.098** kr./kg**"Steikt lambalæri með Guinness, hunangi og timían"**
...sjá uppskrift á samkaupurval.is**30%
afsláttur**~~3.498~~**2.449** kr.
kg**Nauta "Rib Eye"**

úr kjötbörði eða pakkað ferskt

**Rófur
á 50%
afslætti!**~~279~~**139** kr./kg**Gulrófur, vítamínríkar og nærandi – hrein hollusta**

...sjá nýjar uppskriftir í grænmetisréttir á samkaupurval.is

**30%
afsláttur**~~3.498~~**2.449** kr.
kg**Nautafilé "Entrecote"**

úr kjötbörði eða pökkuð fersk

**255** kr./stk.**255** kr./stk.**255** kr./stk.

Sultur, 400g: Sólberja, rabarbara- og jarðarberja, jarðarberja

Coop – gæði og gott verð**30%
afsláttur**~~1.098~~**769** kr.
kg**Blandað hakk**

frá Bautabúrinu

**296** kr./pk.**297** kr./pk.**359** kr./pk.

Kornflex 500g

"Choco Spooks" 375g

"Honey Bees" 500g

Morgunkornið frá Coop**...einstök þjónusta í góðum verslunum**á Akureyri, Blönduósi, Bolungarvík, Borgarnesi, Dalvík, Egilsstöðum, Grundarfirði, Hafnarfirði, Húsavík, Ísafirði,
Neskaupstað, Ólafsfirði, Selfossi, Siglufirði og Skagaströnd

Leggja áherslu á óskerta lækniþjónustu í Bolungarvík

Bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur lýst þungum áhyggjum yfir þróun mála á heilbrigðisþjónustu í sveitarfélaginu. „Bæjarstjórn leggur ríka áherslu á að í Bolungarvík verði búsettur og starfandi læknir og með þeim hætti verði sú lækniþjónusta sem veitt hefur verið undanfarin ár og áratugi, óskert. Að heilbrigðisþjónusta, þar með talin staða hjúkrunar-

affræðings, sjúkraliða og sjúkrahjálfa, verði veitt í sama mæli og verið hefur í bæjarfélaginu. Að tryggt verði að full starfsemi verði áfram á Heilsugæslustöðinni sem og á Öldrunardeildinni í Bolungarvík og í heimaþjónustu,“ segir í bókun sem samþykkt var á bæjarstjórnarfundum fyrir stuttu.

Eins og fram hefur komið að

tilskipan heilbrigðisráðuneytisins er gert ráð fyrir að með tilkomu Bolungarvíkurganga verði vaktsvæði Ísafjarðar og Bolungarvíkurkaupstaðar gert að einu. Breytist þá staða yfirlæknis heilsugæslu í Bolungarvík í stöðu sérfræðings í heilsugæslulækningum.

Þá hafa Íris Sveinsdóttir, fyrrum yfirlæknir heilsugæslunnar í

Bolungarvík, Hulda Karlsdóttir, deildarstjóri við hjúkrunardeild og Sigrún Gerða Gísladóttir, hjúkrunarfræðingur og M.A. í stefnumótun, stjórnun og rekstri heilbrigðisþjónustu, gagnrýnt sameiningu heilbrigðisstofnana á norðanverðum Vestfjörðum í pistli sem þær sendu til fjölmiðla. Þær segja að þjónusta dragist verulega saman í Bolungarvík í

kjölfar breytinganna. Til að mynda minnkar viðvera lækna á heilsugæslu um a.m.k. 25% en samningur við núverandi heilsugæslulækni gildir fram að opnun ganganna og þar með verður ekki lengur fastur heimilislæknir í Bolungarvík. Einnig er staða hjúkrunarfræðings í algerri óvissu, var 100% en er sem stendur 10% eða sem samsvarar 2-4 tímum á viku.

Drangajökull að rýrna

Vísbendingar eru um að Drangajökull kunni að hafa rýrnað. Kom það fram í árvissum mælingum Veðurstofunnar. „Enn á eftir að vinna úr gögnum síðustu mælinga en allt bendir til að bráðnun sé nú meiri en verið hefur frá því að mælingar hófust árið 2005,“ segir Jón Ottó Gunnarsson, sérfræðingur í rekstri mælakerfis og vatnafræði hjá Veðurstofunni.

Hann bendir á að hlýtt veðurfar í sumar hljóti að hafa tekið sinn toll af jöklum landsins. Áður höfðu mælingar bent til að jökullinn væri að stækka á sama tíma og jöklar á meginhálandinu og víðast hvar erlendis höfðu þynnst.

„Drangajökull hefur algjöra sérstöðu þar sem hann er svo lágur. Hann er allur undir 1000 metrum yfir sjávarmáli og spenn-

ar annað hæðarbil en aðrir jöklar landsins.“ Nýjar stangir eru settar árlega á sömu staði síðla vetrar áður en vorleysingar byrja og þeirra vitjað á haustin. „Borað er í jökulinn með gufubor og síðan settar stangir alveg niður í klaka. Þær eru settar með jöfnu millibili í mismunandi hæð, sú hæsta í 900 metra hæð og neðsta í 300 metra hæð.“ – *thelma@bb.is*



Mælingar á Drangajökli. Við þessa stöng höfðu bráðnað sex metrar af snjó síðan í vor. Mynd: Jón Ottó Gunnarsson.

Verzlun Bjarna Eiríkssonar

Stofnuð 1927

Óskum Bolvíkingum og Vestfirðingum til hamingju með Bolungarvíkurgöngin

Opið:
mán. - fim. 9:00 - 18:00
fös. 9:00 - 18:30
lau. 10:00 - 16:00
sun. 12:00 - 16:00



Frá undirritun samstarfssamningsins.

Listasmiðja stofnsett

Súðavíkurhreppur, Fasteignafélagið Langeyri ehf., og Súðavíkurdeild Rauða kross Íslands hafa undirritað samstarfssamning um rekstur listasmiðju í Súðavík. Smiðjan verður starfrækt í 165m² húsnæði í eigu Fasteignafélagsins Langeyri á Langeyri við Álftafjörð.

Þar verður m.a. sett upp smíða-

kennsluaðstaða fyrir grunnskólabörn og notendur Listasmiðjunnar, aðstaða til að vinna og baka gler í þar til gerðum glerbrennsluofni og aðstaða til málm-smíði. Á næstu vikum verður unnið við breytingar á húsnæðinu og er fyrirhugað að aðstaðan verði formlega tekin í notkun í byrjun október.

Opnun Bolungarvíkurganga 25. september 2010

*Bolungarvíkurkaupstaður óskar landsmönnum
öllum til hamingju með Bolungarvíkurgöng*

Gangamunni í Bolungarvík

10:30 Hlaupa- og göngugörpum gefst einstakt tækifæri til að fara inn í göngin Bolungarvíkurmegin á tveimur jafnfljótum

Boðið er upp á styttri vegalengdir fyrir hlaupa- og göngufólk

Gangamunni í Hnífsdal

10:15 Minnisvarði um ástvini sem farist hafa af slysförum afhjúpaður við Skarfasker

10:30 Hlaupa- og göngugörpum gefst færi á að hlaupa/ganga í gegnum göngin. Boðið verður upp á 5,4 km hlaup og 10,8 km hlaup auk þess sem hægt er að ganga 5,4 km gegnum göngin.

Hjólreiðamönnum verður gefinn kostur á að hjóla í gegn á undan hlaupurunum

Vígsluathöfn – dagskrá

- 13:30** Vígsluathöfn við gangamunna í Bolungarvík
14:00 Ekið í gegnum göngin frá Bolungarvík til Hnífsdals
14:10 Bæjarstjórar Bolungarvíkur og Ísafjarðarbæjar mætast við gangamunna í Hnífsdal, umferð hleypt á þeim megin frá og göngin þar með opin í báðar áttir
- 14:30-17:00** Hátíðardagskrá í íþróttahúsinu í Bolungarvík
Veitingar - tónlist - ávörp

Kvöldskemmtun

- 20:00-23:00** Jarðgangafagnaður - Kvöldskemmtun í íþróttahúsinu í Bolungarvík (miðar seldir í forsölu)
- 23:30-03:00** Jarðgangafagnaður - Dansleikur í íþróttahúsinu í Bolungarvík (Aðgangseyrir kr. 1.000)

„Frá vegi til ganga í Óshlíð“

Sýning í Náttúrugripasafninu í Bolungarvík opin kl. 13:00 - 18:00 og áfram næstu vikur á opnunartíma safnsins. Frítt er inn á sýninguna fyrstu vikuna.

Bolungarvíkurkaupstaður býður öllum frítt í sund frá 26. september til 3. október





Liðsmenn BÍ/Bolungarvíkur eru afar sáttir með tímabilið.

Unnu fimmtán leiki

BÍ/Bolungarvík tapaði fyrir Víkingi frá Ólafsvík á Torfnesevelli á laugardag og var lokastaðan tvö mörk gegn fimm. Markastaðan skipti þó ekki höfuðmáli þar sem Víkingur hafði fyrir nokkru tryggt sér sigur í deildinni og BÍ/Bolungarvík tryggt sér sæti í 1. deild að ári. Mikil stemming myndaðist á leiknum en um var að ræða síðasta leik tímabilsins. Slegið var upp grillveislu áður en leikurinn hófst og stuðningsmönnum BÍ/Bolvíkinga boðið upp á pylsu og gos. Alfreð Jóhannsson þreytti frumraun sína sem meistaraflokksþjálfari við Ísafjarðardjúp í sumar var að vonum ánægður með lið sitt. „Á undirbúningstímabilinu þá fannst mér það vera gerlegt að komast

upp en okkar fyrsta markmið var að bæta árangur liðsins frá því í fyrra þegar liðið hafnaði 5. sæti í 2. deildinni með 33 stig. Við náðum 47 stigum og það var bara frábært,“ sagði Alfreð í samtali við mbl.is ræddi við hann á Torfnesevelli í Skutulsfirði á laugardag.

Alfreð hefur leikið í efstu deildunum í gegnum tíðina og segir að BÍ/Bolungarvík muni þurfa að liðsstyrk að halda til að gera sig gildandi í 1. deild en liðið var í 3. deild fyrir tveimur árum síðan. „Það er á hreinu að leikmenn munu þurfa að leggja mjög mikið á sig en auk þess er ljóst að við þurfum að styrkja liðið að einhverju leyti. Það er alveg á hreinu enda er það mikill

styrkleikamunur á liðunum í þessum deildum. Við töpuðum hins vegar bara fimm leikjum í sumar en unnum fimmtán og árangurinn er því frábær. Auk þess spiluðum við blússandi sóknarbolta og skoruðum 58 mörk þó takmarkið hafi verið að bæta varnarleikinn frá því í fyrra og við fengum á okkur 28 mörk,“ sagði Alfreð við mbl.is. Spurður um framhaldið sagði Alfreð það ekkert hafa verið rætt en sagðist hafa áhuga á því að halda áfram starfi sínu fyrir vestan.

Andri Rúnar Bjarnason er markahæsti maður liðsins að tímabilinu loknu en hann hefur skorað 18 mörk í 21 leik. Því næst kemur Jónmundur Grétarsson með tíu mörk í tíu leikjum.

Höfnum Möllersæfingum

Nú þegar hillir undir eitt mesta framfaraspor sem stigið hefur verið í samgöngumálum á Íslandi, sem opnun jarðganga milli Hnífsdals og Bolungarvíkur er, vaknar af blundi draugur sem vakinn var upphaflega af Siglfirðingi nokkrum. Draugur þessi hefur það eitt til málanna að leggja að breyta nafni ganganna sem alþjóð og Vega-gerðin hefur frá upphafi nefnt Óshlíðargöng. Takist draugnum þetta ætlunarverk sitt verður það trúlega eina sjáanlega afrek Siglfirðingsins á ráðherrastóli.



kenningu Siglfirðingsins að bera þrjú nöfn í það minnsta, göngin milli Eskifjarðar og Norðfjarðar heita Oddskarðsgöng en ekki Norðfjarðargöng eða Eskifjarðargöng.

Almenningur mun hvað sem hver segir tala um Óshlíðargöng. Þó ekki væri nema til þess að minnast afreka Kitta á ýtunni, Charlesar og manna hans þegar þeir nógðu veginn upphaflega í Óshlíðina fyrir sextíu árum. Því verður ekki trúað að yfirvöld samgöngumála ætli sér að verða aðhlátursefni með því að nefna göngin öðru nafni. Vestfirðingar kunna margar sögur af misjöfnum nafnabreytingum. Láki bróðir mun alltaf heita Láki þó hann hafi verið skírður Öttar.

– Halldór Jónsson. Höfundur á ættir að rekja til Bolungarvíkur, Hnífsdals og Ísafjarðar.

Spurningin

Á að draga fjóra fyrrum ráðherra fyrir landsdóm?

Alls svöruðu 550.

Já sögðu 278 eða 51%
Nei sögðu 212 eða 38%
Hlutlausir voru 60 eða 11%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Suðlæg átt og svolítill væta á vestanverðu landinu en skýjað með köflum Austanlands. Hiti breytist lítið. **Horfur á laugardag:** Útlit fyrir sunnanátt með rigningu, en þurrt norðaustanlands. Hiti 9-16 stig.

Horfur á sunnudag: Útlit fyrir sunnanátt með rigningu, en þurrt norðaustanlands. Hiti 9-16 stig.

Ritstjórnargrein

Foragt stjórnvalda

Á fimmtugasta og fimmta þingi Fjórðungssambands Vestfirðinga, sem fram fór á Hólmavík 3. og 4. þ.m. var imprað á mörgum mikilvægum hagsmunamálum vestfírskra byggða. Fram kom að svokölluð Sóknaráætlun Vestfjarða væri lengra á veg komin en hliðstæðar áætlanir fyrir aðra landshluta.

Meðal grunnþátta áætlunarinnar eru kröfur um ásættanlegar samgöngur, menntun tengda hafinu, eflingu ferðaþjónustu, að ógleymdri kröfunni um vöxt og viðgang sjávarútvegs og fiskeldis. Um hið síðastnefnda segir í samþykkt þingsins: „Meirihluti Vestfirðinga byggir afkomu sína, með beinum eða óbeinum hætti, á sjávarútvegi og þjónustu við hann. Vöxtur og viðgangur greinarinnar er því lífsnauðsynlegur svæðinu og ber að leita allra leiða til að tryggja framþróun vestfírsks sjávarútvegs.“ Þá bendir þingið á að stórauka þurfi stuðning við þróun og nýsköpun í fiskeldi, kræklingarækt og efla markvisst nýjungar í matvælaframleiðslu; þá sé mikilvægt að tryggja strandveiðikerfið í sessi, „en að tilhögun þess verði tekið til endurskoðunar með það í huga að auka jöfnuð. Jafnframt verði tekið upp umbunarkerfi til þeirra sem landa beint til vinnslu.“

Allt hefur þetta verið meira og minna til umfjöllunar á undanförunum misserum og árum, án sýnilegra viðbragða stjórnvalda, jafnvel á þeim tímum þegar ráðherrar töldu sig stígvélafulla af peningum og

jusu þeim á báðar hendur, sem best hentaði. En það hangir fleira á spýtnunni. Þannig taldi þingið vegið að samfélagsgerð Vestfjarða, með stöðugri fækkun opinberra starfa í fjórðungnum. Þar um var ályktað: „Nauðsynlegt er að kanna hvort æskilegt sé að búa til ákveðið öryggisnet fyrir byggð sem getur lent í langvarandi neikvæðri byggðapróun, til að varna því að sveitarfélög eða landsvæði lendi í ógöngum, t.d. jöfnun flutningskostnaðar, hvetjandi námslánafyrirkomulag til hækkunar á menntastigi svæðisins og ívilanir til fyrirtækja.“

Einn er þá þáttur, sem skiptir sköpum fyrir framtíð vestfírskra byggða, raforka; algjört forgangsatriði að úr verði bætt. Í ágúst 2008 sagði þáv. iðnaðarráðherra það „hvorki stjórnvöldum né orkufyrirtækjum til sóma að Vestfirðir (byggju) við þriðjaflokks raforkukerfi,“ og kvað skýrt að um að hann hyggðist beita sér fyrir gjörbreytingu á þessu ófremdarástandi. Ári eftir kokhreysti ráðherrans spurði BB hvort fyrirætluninni um lausn á raforkuvanda Vestfirðinga hefði slegið út er hann skipti um ráðherrastól? Fyrir liggur mat á að Vestfirðir koma ekki til greina sem valkostur fyrir orkufrekan iðnað af neinu tagi við ríkjandi ástand í orkumálum. Foragt stjórnvalda í garð Vestfirðinga í þessu gífurlega hagsmunamáli hefur þær afleiðingar að þeir eru áfram „þriðja flokks“ þjóðfélagsþegnir hvað aðgang að einni nauðsynlegustu orku nútímans varðar og þar við situr. s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is, Kristján Einarsson, símar 456 4560 og 848 3403, kristjan@bb.is. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

BOLUNGARVÍKURGÖNG

25.09.2010



ÖRYGGISBÚNAÐUR



Loftræsiblásarar eru 16 og stjórnast þeir sjálfvirkir af mengunarnemum í göngunum. Blásararnir blása lofti frá gangamunna til gangamunna. Mistur getur verið í göngunum þó að mengun sé lítil.



Skilti í göngunum sýna öikumönnum fjarlægð að munna.



Neyðarútskot eru í göngunum með 500 m millibili. Ef þarf að stöðva bíl skal það gert í þessum útskotum sé hægt að koma því við. Í þessum útskotum er einnig hægt að snúa litlum bílum í neyðartilvikum.



Á tveimur stöðum er hægt að snúa stórum bílum í neyðartilvikum.



Stoppljós eru utan við göngin og við snúningsútskotin, sem blikka ef göngin eru lokað, vegna bilana, slysa eða af öðrum orsökum.



Lokunarslár eru utan við göngin sem loka um leið og stoppljósin kvikna. Hægt er að loka göngunum úr fjarlægð, og þau lokast sjálfkrafa ef mengun verður hættuleg.



Skápar með neyðarsíma og slökkvitækjum eru með 250 m millibili. Í skápunum eru einnig upplýsingar um fjarlægð að báðum gangamunnum.



Afar mikilvægt er fyrir öryggi að ökumenn virði hámarkshraða í göngunum. Við munna eru skilti sem sýna öikumönnum hver hraði þeirra er.



Hraðamyndavélar eru í göngunum, því að almenn reynsla sýnir að það er öflugasti búnaðurinn til að fá menn til að aka á réttum hraða.



Bili rafmagn logar samt á fjórða hverju ljósi í lofti, við alla síma og á öllum skiltum.

AKSTUR Í GÖNGUM



Mikill munur er á birtu í göngunum og dagsbirtu. Á daginn er sterkari lýsing í gangamunnum til að auðvelda aðlögun augnanna að breytingunni, en samt eru viðbrigðin mikil. Fara þarf varlega (takið niður sólgleraugu).

Ökumenn hafa lítið fjarlægðarskin í göngum og því er framúrakstur mjög varasamur.

Hafið gott bil á milli bíla.

ÓHÖPP OG SLYS



Við slys eða óhapp skal kveikja á blikkljósum og drepa á bíl. Skilja skal eftir lykil ef bíll er yfirgefinn.

Kvikni í bíl, skal stansa í útskoti, hringja í neyðarsíma, reyna að slökkva ef eldur er lítill, annars yfirgefa göngin.



Ef vart verður við eld í göngum skal snúa við í næsta útskoti og aka út og láta vita í neyðarsíma.



Óskar vegfarendum góðrar og öruggrar ferðar á milli Hnífsdals og Bolungarvíkur.



Ekkert minni s

Salome Elín Ingólfssdóttir á Ísafirði kann sitthvað um hollustu enda lærður matvæla- og næringarfræðingur og hefur alla tíð verið mikið fyrir íþróttir. Bæjarins besta forvitnaðist um hvað fælist í starfinu og hvort að hún hafi alltaf hollustuna að leiðarljósi.

– Hvað felst í því að vera matvæla- og næringarfræðingur?

„Þetta eru reyndar frekar ólík fræði þó að þau mætist á miðri leið. Matvælafræðingar vinna í fyrirtækjum með vörunar áður en þær fara til neytendanna. Þeir sjá um vinnslu, vöruþróun, eftirlit, rannsóknir á matvælum og slíkt. Næringarfræðingar hugsa frekar um vöruna eftir að hún er komin inn fyrir varir fólks því næringarfræðin fjallar um hlutverk næringarefna í líkamanum og tengsl mataræðis og heilsu. Þeir sjá einnig um rannsóknir,

fræðslu og næringarráðgjöf. Það er í raun munurinn þó fleira komi til. Þegar ég var í námi þurfti að taka matvælafræðina áður farið var í næringarfræðina. Mér fannst það eðlileg leið að læra hvaðan maturinn kemur áður en maður lærir hvernig líkaminn vinnur úr honum. Á sínum tíma þótti mér nú ekkert sérlega skemmtilegt í matvælafræðinni þar sem stefnan var alltaf sett á næringarfræðina en ég sé núna að það var skynsamlegt að gera þetta svona.“

– Hvað varð til þess að þú fórst þessa námsleið? Hefurðu alltaf haft áhuga á næringarfræði?

„Já, í uppeldi mínu var hollur matur á boðstólum að öllu jöfnu svo þetta var eitthvað sem vakti áhuga minn. Ég ætlaði mér alltaf að verða íþróttakennari en þegar ég fór í menntaskóla breyttist stefnan og næringarfræðin varð

fyrir valinu. Ég sé ekkert eftir því þó það sé ekki starf á hverju strái fyrir næringarfræðinga. Maður þarf svolítið að skapa eigin tækifæri. Margt sem ég hef gert síðan ég flutti aftur heim til Ísafjarðar er það sem ég hef látið gerast sjálf. Þó það sé oft erfitt er líka gaman að geta unnið að eigin verkefnum. Reyndar hef ég nánast verið í fæðingarorlofi síðastliðin fimm ár en ég á þrjú börn, átta mánaða, tveggja ára og fimm ára. Næringarfræðin hefur því verið hliðarverkefni hjá mér en ég ætla mér að fara á fullt í þetta núna. Ég vona bara það besta.“

– Hvað hefurðu verið að sýsla hingað til?

„Ég hef t.d. haldið fyrirlestra og kennt á námskeiðum hjá ýmsum aðilum, boðið upp á næringarráðgjöf fyrir einstaklinga og séð um eftirlit í mótuneytum Ísa-

fjarðarbæjar, bæði í leikskólum og grunnskólum.“

Reynt að blekkja neytandann

– Nýtirðu þér næringarfræðina í eigin lífi?

„Já, ég geri það. Ég reyni líka að miðla til annarra að vera skynsamir í mataræði að öllu jöfnu. Þá þarf maður ekki að neita sér um einhverja óhollustu þegar það er í boði. Ég á sjálf erfitt með að neita mér um sætindi og slíkt þegar það er í boði. Þess vegna hef ég það ekki til staðar á heimilinu hjá mér nema eitthvað sérstakt standi til. Ég er ekkert minni sálkeri en aðrir, en ef maður á erfitt með að standast freistingar, þá á maður ekki að hafa þær innan seilingar.

Fólk borðar yfirleitt það sem er fyrir framan það, hvort sem það eru gulrætur eða snakk. Flestir Íslendingar geta aukið grænmetis- og ávaxtaneyslu, en ef það er ekki til á heimilinu, þá auðvitað borða þeir það ekki. Eins með börn, ef grænmeti og ávextir er ekki kynnt fyrir þeim og gert aðgengilegt heima hjá þeim, þá borða þau það ekki. Þeir sem sjá um að versla inn fyrir heimilið ættu að hafa það í huga.“

Salome segir þjóðráð að lesa utan á pakkana en sumar merkingar séu þó til þess fallnar að blekkja neytandann.

„Maður ætti að temja sér að lesa innihaldslýsingar og næringarupplýsingar. Ég hef oft sagt að það væri gott að einhver annar en ég staldraði við í búðinni og læsi utan á pakkana.



ællkeri en aðrir

Ef við tökum morgunkorn sem dæmi er gott að miða við að trefjamagn sé sem hæst til þess að fá grófasta kornið, og að sykurrinn sé sem minnstur. Í mörgum tilfellum er sykurmagnið oft ansi mikið í þessum vörum og nánast hægt að fá sér nammi með mjólk í morgunmat. Fólk þarf því svolítið að vanda valið þarna.“

Salome bendir á að ekki er nóg að leita eingöngu eftir sykri þar sem hann gangi undir ýmsum nöfnum í innihaldslýsingum vara.

„Það er í raun gert gagngert til að blekkja neytandann. Það eru svo mörg nöfn sem sykurvíðbót heyrir undir, það væri of langt að telja þau öll upp hér. Margir hafa heyrt að hrásykur sé hollur, sem er hinn mesti misskilningur. Vissulega eru næringarefni í honum sem finnast ekki í hvíta sykr-

inum en þau eru í svo litlu magni að það hefur ekki teljandi áhrif í mataræðinu. Maður ætti því að temja sér að borða sem minnst af honum, eins og sykri yfir höfuð, því hann gefur okkur lítið sem ekkert af næringarefnum en veitir orku engu að síður.“

Púlað með krílið í kerru

Næringarfræðin er ekki eina leiðin sem Salome notar til að stuðla að betri heilsu annarra en hún þjálfar einnig íþróttir og stendur fyrir kerrupúli á Ísafirði.

„Ég hef verið í íþróttum nánast frá því að ég fæddist. Í raun finnst mér erfitt að tala við fólk eingöngu um næringu án þess að taka tillit til hreyfingar, því þessir þættir eru mjög tengdir þegar kemur að heilbrigðum lífstíl. Ég

er byrjuð að þjálfa 7. flokk í knattspyrnu hjá BÍ. Það eru krakkar í fyrsta og öðrum bekk. Ég er mjög spennt fyrir því þar sem ég hef mjög gaman af íþróttum.

Svo höfum við Sigríður Guðjónsdóttir staðið fyrir þremur kerrupúlsnámskeiðum frá því í fyrrahaust. Mér finnst þessi námskeið hvetjandi fyrir konur til að koma sér af stað aftur eftir barnsburð. Og þó svo að þær séu komnar af stað í eitthvað annað er gott fyrir þær að koma út og hreyfa sig í ferska loftinu með barnið sitt.

Í fyrsta námskeiðinu var ég ófrísk og mér fannst þetta frábært. Þegar annað námskeiðið var haldið var ég komin með barnið í kerruna og mér fannst svo gott að vera búin með hreyfingu dagsins þegar ég sótti hin

börnin á leikskólann. Maður er svo oft að reyna troða hreyfingu í stundatöfluna, oft á tíðum þarf að redda pössun og oft vex það fólki í augum að finna tíma. Það er því svo gott að geta bara farið með krílið með sér og geta svo notið þess að vera með restinni af fjölskyldunni þegar allir eru komnir heim. Margir halda að þetta sé bara ganga en æfingarnar byggjast þannig upp að við tökum kraftgöngu í byrjun, svo styrktaræfingar og svo teygjur. Það er því líka verið að styrkja sig en ekki eingöngu að auka þolið með hraðri göngu. Við höfum líka oft sagt það þegar við erum á íþróttasvæðinu að gera æfingar og teygjur, að það eru litlar líkur á því að maður myndi gera það einn í göngutúr með barnið.

Allra fyrsti tíminn okkar fór

fram í ömurlegu veðri og við bjuggumst nú hálft í hvoru við að þátttakendunum myndi fækka, en þær bara gölluðu sig upp og komu betur klæddar næst. Mér fannst það líka svo gott að þá hafa einhverjar lært af þessu að það er þarf ekki að vera sól og blíða til að hægt sé að fara út og hreyfa sig. Sumir fara nefnilega allt á bílnum ef það er smá vindur.

Ég vona að það verði framhald á þessu hjá okkur. Það náðist ekki næg þátttaka síðast þegar við ætluðum að halda námskeiðið en við ætlum bara að reyna aftur í september. Það fæðast alltaf ný og ný börn svo þetta ætti alveg að geta orðið að föstum liði,“ segir Salome Elín Ingólfsdóttir, matvæla- og næringarfræðingur á Ísafirði í samtali við blaðið.

– thelma@bb.is

Þörf á samstilltu átaki til að bæta námsárangur grunnskólanema

Meðaleinkunnir grunnskólanema í 4. og 10. bekkjum eru almennt lægri á Vestfjörðum en á landsvísi. Þetta kemur fram í skýrslu Námsmatsstofnunar um samræmd könnunarpróf. Þar kemur einnig fram að hlutfall nemenda sem sýna ágætisárangur í námi er töluvert lægra ef miðað er við landið. Þá sýna stúlkur almennt betri árangur en drengir, en þær niðurstöður virðast reyndar ná yfir landið í heild. Skólastjórar grunnskólanna á Ísafirði, Suðureyri og Þingeyri hafa sent Skóla- og fjölskylduskrifstofu vangaveltur um niðurstöðurnar og hugmyndir um hvernig nýta megi niðurstöðurnar til hagsbóta fyrir skólastarfið.

„Í umræðu um viðbrögð við niðurstöðum skýrslunnar kom fram það viðhorf kennara og skólastjóra að bæta skipulag kennslunnar til muna og þar með árangur nemenda með því að taka

upp einstaklingsmiðaðra nám. Skipulagið tæki ekki eins mikið mið af aldri nemenda eins og það hefur gert, heldur raunverulegri getu þeirra til náms,“ segir í bréfi Grunnskólans á Þingeyri.

Í bréfi Gb er einnig lagt til að skólinn nýti sér niðurstöður úr samræmdu könnunarprófum, greini þær niðurstöður fyrir hvern og einn nemenda og að sett verði námsmarkmið út frá þeim niðurstöðum. Þetta verði gert með þátttöku og eignaraðild nemenda og foreldra sem bera síðan ábyrgð á að áætlunin standi.

Í bréfi Grunnskólans á Suðureyri segir að gefa þurfi kennurum kost á endurmenntun sem er besta leiðin til að bæta námsárangur, sama gildir um aðrar greinar. „Skólastarf verður ekki eftir nema til komi öflug endurmenntun kennara. Einnig þarf að gera kannanir á ýmsum þáttum skólastarfsins, ekki bara með sjálfs-

mati heldur ekki síður einhverju ytra mati sem skólayfirvöld geta staðið að.“

Grunnskólinn á Ísafirði bendir á að íslenskukennslan sé greinilega ekki að höfða til dengja í 4. bekk og því þurfi að reyna höfða til áhugasviðs þeirra. Þá þykir

einnig ástæða til að skoða stærðfræðikennsluna og kynna sér hvað sé verið að gera í skólum sem koma vel út í samræmdu prófunum. Einnig segir að efla þurfi samstarf heimila og skóla og virkja foreldra með kennurum þannig að foreldrar finni til

ábyrgðar með kennurunum.

Þá benda fulltrúar grunnskólanna á að góður námsárangur og gott skólastarf næst ekki nema með samstilltu átaki allra sem koma að skólamáli í sveitarfélaginu.

– thelma@bb.is



Góð þátttaka var í fyrirtækjamótinu. Ljós: Heiðar Guðmundsson.

Sigbrúður sigraði á púttmóti eldri borgara

Svokallað fyrirtækjamót fór fram á púttvöllinum á Torfnesi á Ísafirði fyrir stuttu. Tuttugu og sex fyrirtæki tóku þátt í mótinu, allt fyrirtæki sem áttu stóran þátt í að byggja púttvöllinn. Góð þátttaka var í mótinu, bæði hjá eldri og yngri borgurum og höfðu allir gaman af, enda sól og 17 stiga hiti á meðan mótinu fór fram. Að

móti loknu fór fram verðlaunaafhending og kaffiveisla í veitingasalnum á dvalarheimilinu Hlíf. Það var Félag eldri borgara í Ísafjarðarbæ sem gaf verðlaun og bauð upp á kaffiveitingar.

Hraðfrystihúsið í Hnífsdal var sigur úr býtum á mótinu en fyrir HG keppti Sigbrúður Gunnarsdóttir. Í öðru sæti varð Vignir

Jónsson, keppandi var Sigurður Th. Ingvarsson og í þriðja sæti urðu Vestfirskir verktakar en fyrir þá keppti Sigurður Sigurðsson. Sigbrúður spilaði völlum á 35 höggum, Sigurður Th., á 37 höggum og Sigurður Sigurðsson spilaði á 38 höggum. Par vallarins er 36.

– thelma@bb.is

Tekjur áætlaðar 5 milljónir króna

Tæplega 6.900 gistinætur voru á tjaldsvæðinu í Tungudal í sumarið og 1.904 gistinætur á tjaldsvæðinu á Þingeyri. Þetta kemur fram í áætlun Jóhanns Birkis Helgasonar, bæjartækni- og rafmagnsfræðings, sem lögð var fyrir bæjarráð Ísafjarðarbæjar fyrir stuttu, en nánari gögn munu liggja fyrir í lok september. Uppgjör liggur ekki fyrir en samkvæmt upplýsingum frá Jóhanni Birki er ráðgert að tekjur af tjaldsvæðunum

nemi um 4,5-5 milljónum króna.

Á bæjarráðsfundi í byrjun síðasta mánaðar var fjallað um nauðsyn þess að stækka tjaldsvæðið í Tungudal og auka aðgangi að rafmagni. Kostnaður við framkvæmdirnar er gróflega áætlaður um 10 milljónir króna og æskilegt er að þær verði unnar nú í haust svo þeim verði lokið fyrir næsta sumar þegar fyrstu gestirnir koma á svæðið.

Jafnframt hefur bæjartækni-

fræðingur bent á að bæta þurfi aðgangi að rafmagni á tjaldsvæði bæjarins á Þingeyri. Þá hefur einnig verið greint frá því að stefnt sé að því að ljúka við nýtt þjónustuhús á tjaldsvæðinu í Tungudal í vetur ef nægt fjármagn fæst. Bæjarráð hefur óskað eftir tillögum frá bæjartækni- og rafmagnsmillum á árunum 2010 og 2011.

– thelma@bb.is



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu

Jónínu Jóhannu Kristjánsdóttur (Öddu Massa)

Hlíf II – Ísafirði

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði og á Hlíf fyrir einstaka hlýju og umhyggju

Helga Sveinbjarnardóttir	Kristján Kristjánsson
Kristján Sveinbjörnsson	
Sveinbjörn Sveinbjörnsson	Selma Antonsdóttir
Berta Sveinbjarnardóttir	Auðunn Hálfðanarson
Halldór Sveinbjörnsson	Helga Einarsdóttir
Marzellius Sveinbjörnsson	Margrét Geirsdóttir
	barnabörn og barnabarnabörn.



TOP N+ ... betra gler Gasfyllt gler, aukin einangrun.

Glerverksmiðjan Samverk ehf
Eyjasandi 2, 850 Hella
sími: 488-9000 • fax: 488-9001
www.samverk.is • samverk@samverk.is

Vesturslóð

Restaurant • Bar

Aðalstræti 7 • Ísafirði • Sími 456 6620

Ljúffengur og fjölbreyttur
matseðill alla daga

Lifandi tónlist
um helgar

Verið velkomin!



Byggir upp útgerð í Hafnarfirði

Hinrik Kristjánsson, fyrrum framkvæmdastjóri Kambs ehf., á Flateyri, hefur stofnsett fiskvinnlu í Hafnarfirði. Hinrik sagði í samtali við blaðið, binda miklar væntingar við uppbyggingu fyrirtækisins. Nýr bátur Útgerðarfyrtækisins Kambs ehf., Steinunn HF 108, var sjósettur 8. september síðastliðinn hjá Bátasmiðjunni Trefjum í Hafnarfirði. Báturinn er 12 metra langur og 15 tonn að stærð.

„Við keyptum litla fiskvinnslu í Hafnarfirði í fyrrahaust og erum búnir að vera að stækka hana og laga til. Við ætlum síðan að gera út tvo báta,“ segir Hinrik. Segir hann marga Vestfirðinga koma að vinnslunni. T.d. sé skipstjóri hins nýja báts Hnífsdælingurinn Ingimar Finnbjörnsson.

– thelma@bb.is



Steinunn HF 108, sjósett í Hafnarfirði. Mynd: emilpall.123.is.

Tekjur sveitarfélaga minnka

Tekjur sveitarfélaga munu dragast saman um rúmlega sjö milljarða króna á næsta ári. Halldór Halldórsson, fyrrum bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og núverandi formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir að sveitarfélögin hafi þegar hagrætt umtalsvert. Hann segir óviðunandi að ríki hætti að greiða fjár-

muni til sveitarfélaganna vegna hagræðinga í sínum rekstri. Tekjur sveitarfélaga eru svipaðar og í fyrra en sum hafa orðið fyrir samdrætti vegna minni atvinnutekna. Tekjur af útgreiðslu séreignarsparnaðar fólks er talsvert lægri en í fyrra og segir Halldór þessar tekjur mikilvægar fyrir sveitarfélögin.

Ríkið kemur til með að fella niður aukaframlag í Jöfnunarsjóð og endurgreiðslu vegna hækkunar tryggingafjalds 1. janúar á þessu ári. Lækkun fasteignamats lækkar fasteignaskatta til sveitarfélaga. Halldór segir að sveitarfélögin geti ekki sætt sig við fleiri skerðingar á tekjum.

– asgeir@bb.is



Halldór Halldórsson.

Jarðgöng til framtíðar

Stakkur skrifar

Á laugardaginn verða Bolungarvíkurgöng opnuð. Þau eru glæsileg og hugsuð til framtíðar. Ekki er nema tæpur aldarfjórðungur síðan nýr og endurbættur vegur um Óshlíð var opnaður og þá töldu menn hugsuð til framtíðar. Vegurinn var með sínum tveimur, síðar fjórum, vegskálum álitinn mikil framför frá gamla Óshlíðarveginum. En þannig vill það gjarnan verða um mannanna verk að þau úreldest fyrr en skyldi. Þá vaknar spurning. Er ekki hugsuð nægilega fram í tímann þegar miklar ákvarðanir eru teknar um vegagerð? Varla er það gert. Reikna má með því að nú hafi verið varið meira en einum milljarði til vegarins um Óshlíð. Hann verður aflagður hér með vegna öryggis sem vegfarendum er talinn búin. Ekki er rétt lengur að dvelja við orðinn hlut. Óneitanlega hefði þó mátt verja fénu betur í samfélagsþágu.

En framar öllu er því fagnað að varanlegar samgöngur eru staðreynd til og frá Bolungarvík um landveg. Það eru ekki nema nokkrir áratugir frá því flogið var milli Reykjavíkur og Bolungarvíkur. Sennilega eru vart nema þrír áratugir frá því Djúpbáturinn sigldi frá Ísafirði vestur á firði til þorpanna sem nú tilheyrja Ísafjarðarbæ með viðkomu í Bolungarvík. Þetta var gert að vetrarlagi. Margt er breytt frá því seinni hluta síðustu aldar og þá mest kröfurnar sem íbúar gera til þess að samgöngur séu góðar um landveg. Fólki hefur fækkað á Vestfjörðum. Engu að síður hafa samgöngur

batnað verulega en sá bati hefur ekki orðið til þess að halda í fólki og því síður að fólksfjölgun yrði. Við erum glöð og ánægð yfir þessum síðustu samgöngubótum sem koma í kjölfar stórbættis þjóðveggar um Ísafjarðardjúp. En fjölgar íbúum? Það veit enginn við skulum vona og vinna að því.

Nú ríður á að Vestfirðingar stilli saman strengi sína. Krafa mun koma fram af hálfu ríkisins að nú verði skorið og óparft sé að hafa uppi alla þá þjónustu sem nú sé til staðar og jafnframt að samlegðaráhrif verði aukin. Jarðgöngin gera vissulega samskipti öllu auðveldari en verið hefur. Bættar samgöngur hafa oftast orðið til þess að flýta þróun sem hefur í för með sér fækkun starfa hjá því opinbera. Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur nýlega ályktað á þá lund að ekki verði fækkað störfum á vegum ríkisins nema önnur komi í staðinn. Nokkur ný störf hafa komið vestur á vegum ríkisins, flokkun skjala, varsla þeirra og skráning. Störf sem unnt er að vinna hvar sem er á landinu eiga ágætlega heima utan höfuðborgarsvæðisins, jafnt á Vestfjörðum og annars staðar. En þrautin getur verið þyngri að halda störfum sem fyrir eru við þjónustu og fleira þegar ljóst er að þeim sem nota hana fækkar.

Við fögnum nýjum jarðgöngum og við skulum sjálf hafa frumkvæði að því að skapa nýja möguleika því samfara. Stöðnun er aldreif góð, heldur ekki þegar haldið er í það sem fyrir er til þess eins að halda í það. Sækjum fram djörfung til að skapa tækifæri.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Skemmdarverk unnin

Lítill hópur ungmenna í Ísafjarðarbæ hefur undanfarnar vikur framið ýmis skemmdarverk í sveitarfélaginu. Meðal annars hefur hópurinn brotið rúður í bílum og rispað þá, krotað á vegg og rifið upp blómá-potta svo fátt eitt sé nefnt. Lögreglan veit hvaða hópur ungmenna stendur á bak við skemmdarverkin og lítur málið alvarlegum augum.

„Við höfum verið að reyna að leiða þessum börnum fyrir sjónir hvað sé afleitt að skemma svona fyrir samborgurum sínum,“ segir Önnundur Jónsson, yfirlögregluþjónn á Ísafirði.

Skeljungur flytur um set

Verslun og vörulager Olíufélagsins Skeljungs í Bolungarvík verður flutt að Suðurgötu 9 á Ísafirði og sameinuð undir nafni Vélsmiðjunnar Þryms. Stefnt er að opnun 24. september.

„Í versluninni verða olíuvörur, bílavörur og fleira frá Skeljunginum ásamt vörum frá okkur,“ segir Pétur Jónsson, framkvæmdastjóri Þryms. Hann segir verslun sem þessa nauðsynlega á Ísafirði og er hjartsýnn á mikil viðskipti.

smáar

Til sölu er Toyota RAV4 árg. 99, ekinn 164 þús. km. Góður bíll. Á sama stað er til sölu 250 ltr. frystikista og 3 kílóa þvottavél. Tilboð óskast. Uppl. í síma 849 2341.

Til leigu er björt og rúmgóð 3ja herb. 80m² íbúð á jarðhæð með séringngangi að Hlíðarvegi 26 á Ísafirði. Rafmagn, hiti og internet innifalið. Öll helstu húsgögn og húsbúnaður getur fylgt. Leiguverð kr. 80 þús. pr. mán. Upplýsingar í sínum 650 7766 og 661 0069.

Til leigu er 3ja herb. íbúð að Grundargötu 4 á Ísafirði. Uppl. í síma 865 9637 (Kristján).

Til sölu er trommusett. Uppl. í síma 869 5636.

Bráðvantar svalavagn ef einhver vill selja ódyrt. Upplýsingar í síma 699 8710.

Til leigu er efri hæðin að Skólástíg 11 í Bolungarvík frá og með 15. september. Hægt er að fá íbúðina leigða með eða án húsgagna. Uppl. gefur Guðmundur Rósmundsson í síma 456 7189 eða 892 7189.

Til leigu er nýuppgerð 3ja herb. íbúð á eyrinni á Ísafirði. Leigist með eða án húsgagna. Uppl. á gentlespace@simnet.is



Hákarla- og harðfiskverkun Guðmundar Páls við Ísafjarðarveg.

Vinnsluleyfi hafnað vegna nálægðar við veg

Matvælastofnun hefur synjað fyrirtækinu Harðfiski og hákarli um leyfi til þurrkunar á matvælum utandyra. Fyrirhugað var að

harðfiskapurrkunin færi fram í hjalli sem staðsettur er við Ísafjarðarveg. „Ljóst má vera að nálægð hjallsins við veginn er

óviðunandi m.t.t. mengunar. Hafa verður líka í huga, að leyfð verður a.m.k. 80 km hraði á klst. um veginn og úðast þá bæði bleyta og ryk yfir hjallinn, svo ekki sé nú talað um slabbid sem gusast yfir hann á vetrum, um há verkunartímann þegar vegurinn er skafinn af snjóruðningstækjum. Talið er að spýjan frá tækjunum dragi á bilinu 30-40 m út fyrir veg og þar með fer hún í gegnum hjallinn,“ segir í bréfi frá sérfræðingi Matvælastofnunar frá í ágúst.

Á þeim forsendum að vinnsluleyfi fiskverkunarhússins hafi verið hafnað vegna breytingar á legu vegarins í tengslum við framkvæmdir við Bolungarvíkurganga hefur Guðmundur Páll Óskarsson, eigandi fyrirtækisins, farið fram á við Ísafjarðarbæ að gengið verði til samningu um uppkaup á húsinu eða kallaðir verði til matsmenn til að ákveða kaupverð.

„Nú veldur gildistaka skipulags því að verðmæti fasteignar lækkar, nýtingarmöguleikar henn-

ar skerðast frá því sem áður var heimilt eða að hún muni rýrna svo að hún nýtist ekki sömu nota og áður og á þá sá sem sýnt getur fram á að hann verði fyrir tjóni af þessum sökum rétt á bótum úr sveitarsjóði eða að hann leysi fasteignina til sín,“ segir í bréfi Guðmundar til bæjaryfirvalda.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur óskað eftir áliti bæjarlögmanns, á þeirri stöðu sem nú er upp komin í máli Guðmundar Páls Óskarssonar og fyrirtækis hans í Hnífsdal. – thelma@bb.is

Fjórtán ár liðin frá vígslu Vestfjarðaganga

Á þriðjudag í síðustu viku voru liðin fjórtán ár frá því að Vestfjarðagöng voru formlega opnuð. Göngin, sem eru þríarma jarðgöng undir Botnsheiði og Breiðadalsheiði, eru samtals rúmlega níu kílómetra löng og kostuðu 4,3 milljarða króna. Íbúar Ísafjarðar, Suðureyrar og Flateyrar voru fjölmennir á meðal þeirra sem viðstaddir voru athöfnina fyrir fjórtán árum en göngin tryggðu þessum byggðum stórbætt vegasamband og leystu fjallvegina um Botnsdal og Breiðadalsheiði af hólmi. „Jarðgöngin hafa glætt vonir okkar manna og aukið trú á fegurri og gleðiríkari tilveru. Þau hafa þroskað með okkur samkennd,“ sagði Þorsteinn Jóhannesson, þáverandi

forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, í ávarpi sínu við opnunina.

„Samkennd sem er undirstaða þess að hið nýja sveitarfélag, Ísafjarðarbær, eigi eftir að verða saga þessa lands rétt eins og Vestfirðingar hafa tekið þátt í að skrifa söguna fram til þessa,“ sagði Þorsteinn ennfremur. Við opnunarathöfnina flutti blandaður kór úr hinu nýlega sameinuðu sveitarfélagi nokkur lög og Halldór Blöndal, þáverandi samgönguráðherra, klippti á borða og var svo fyrstur til að aka í gegnum göngin.

Vinna við Vestfjarðagöngin hófst 1991. Göngin voru opnuð fyrir umferð í desember 1995 en verkinu var ekki lokið fyrr en haustið eftir. – thelma@bb.is

Ísafjarðarbær mætir Seltjarnarnesi í Útsvari

Fulltrúar Ísafjarðarbæjar hafa verið valdir fyrir spurningabáttinn Útsvari og undirbúa þeir sig nú fyrir að mæta liði Seltjarnarness í sjónvarpssal þann 5. nóvember. Lið Ísafjarðarbæjar skipa þau Jóna Símonía Bjarnadóttir, Ólafur Halldórsson og Guðný Harpa Henrysdóttir sem einnig keppti fyrir hönd sveitarfélagsins í fyrra. Sjónvarpsþátturinn hefur

göngu sína á föstudagskvöld og eru það lið Borgarbyggðar og Hafnarfjarðar sem ríða á vaðið.

Nokkuð verður um ný andlit í vetur á meðal keppenda en Ólafur B. Guðnason mætir aftur til leiks sem spurningahöfundur og dómari auk þess sem Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir verða spylrar sem fyrr.

– thelma@bb.is

Prjónahelgi í Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi 1. - 3. október



Nú er tækifærið til að skella sér í sveitina, njóta samvista prjónafólks í fallegu umhverfi og læra eitthvað nýtt í leiðinni á afar hagstæðu verði.

Verð: 24.500 kr.

Verð miðast við tvo í herbergi

Skráning fer fram hjá:
Hótel Reykjanes
Ísafjarðardjúpi
456-4844
896-5075
rnes@rnes.is





Daníel fær 850 þúsund á mánuði

Daníel Jakobsson, nýráðinn bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, fær 850 þúsund krónur í mánaðarlaun samkvæmt upplýsingum frá Ísafjarðarbæ. Um er að ræða heildarlaun og fær hann því enga yfirvinnu greidda né ökutækjastyrk. Þá fær Daníel ekki greitt fyrir fundarsetur. Hann fær aftur á móti greiddan bifreiðakostnað samkvæmt akstursbók.

Forveri Daníels, Halldór Halldórsson hafði 805 þúsund í föst laun á mánuði. Heildarlaun hans með greiðslu fyrir setu á bæjarráðsfundum var 850 þúsund. Halldór fær sex mánaða biðlaun en í ráðningarsamningi Daníels er gert ráð fyrir þriggja mánaða biðlaunum, verði hann ekki endurráðinn að kjörtímabilinu loknu í maí 2014.

– bb@bb.is

Vegleg hátíðardagskrá í vikinni

Mikið verður um dýrðir á laugardag þegar jarðgöngin milli Hnífsdals og Bolungarvíkur verða vígð. Sérstök hátíðardagskrá hefst kl. 10:15 um morguninn með því að minnisvarði um ástvininn sem farist hafa af slysförum verður afhjúpaður við Skarfasker í Hnífsdal. Um fimmtán mínútum síðar verður hlaupið og gegnið í gegnum göngin. Gefst

þá hlaupa- og göngugörpuð einstakt tækifæri til að fara á tveimur jafnfljótum milli Hnífsdals og Bolungarvíkur. Á sama tíma verður boðið upp á styttri vegalengdir Bolungarvíkurmegin. Kl. 11:00 verður síðan opnuð sýning um Óshlíðina í Náttúrugripasafninu í Bolungarvík. Sjálf vígsluathöfnin fer fram við gangamunnann í

Bolungarvík kl. 13:30. Þar mun ráðherra klippa á borða til merkis um að göngin hafi verið formlega opnuð. Að þeirri athöfn lokinni verður ekið í gegnum göngin til Hnífsdals. Við gangamunnann í Hnífsdal munu bæjarstjórar Bolungarvíkur og Ísafjarðarbæjar mætast og eftir það verður umferð formlega hleypt um göngin. Bílaröð frá

Bolungarvík mun aka hring í Hnífsdal áður en ekið verður að íþróttahúsinu í Bolungarvík þar sem sérstök hátíðarathöfn hefst kl. 14:30. Þar verður boðið upp á tónlistaratriði, ræðuhöld og veitingar. Allir eru velkomnir til að fagna tímamótunum. Um kvöldið verður síðan efnt til dansleiks í Bolungarvík.

Vestfirðingar á Airwaves


Vestfirðingar verða ekki eftirbátar annarra á tónlistarhátíðinni Airwaves sem fer fram í Reykjavík í október og setja sitt mark á dagskrána. Meðal þeirra sem koma fram er ísfirski tónlistarmaðurinn Biggibix, Mugison sem einnig er þekktur sem Sómi Súðavíkur og Ísfirðinga hljómsveitin Reykjavík! Þá verður hin ísfirsk-ættaða Lára Rúnarsdóttir

einnig meðal flytjenda. Airwaves stærsta tónlistarhátíð landsins en hún hefur verið haldin ár hvert frá 1999. Hátíðin hefur vakið mikla athygli bæði utan sem innan landsteinanna og sem dæmi má nefna að goðsagna-kennda tónlistartímaritið Rolling Stone kallaði hana svölustu löngu helgina á tónlistardagatalinu.

– thelma@bb.is



Biggibix er á meðal þeirra Vestfirðinga sem koma fram á Airwaves. Ljós: Baldur Pan.





Þökkum auðsýnda vináttu og samúð við andlát og útför

Þórðar Ingólfs Júlíussonar
Vinaminni, Ísafirði

Ásthildur Cesil Þórðardóttir Jón Ólafur Þórðarson Hjalti Þórðarson Gunnar Þórðarson Halldóra Þórðardóttir Sigríður Þórðardóttir Inga Bára Þórðardóttir barnabörn og barnabarnabörn.	Eliás Skaftason Bjarnveig Bjarnadóttir Guðbjörg K. Ólafsdóttir Katrín Hálfðánsdóttir Sævar Óli Hjörvarsson Ragnar Haraldsson Jón Heimir Hreinsson
--	--

Dórukot á Ísafirði í útrás

Dórukot á Ísafirði er komið í útrás en þar hefur Halldóra Norðdahl dagamma framleitt ýmsar barnavörur undanfarin misseri. Nú fást vörur kotsins í barnavörusluninni Fífu í Húsgagnahöllinni í Reykjavík sem hefur verið leiðandi barnavöruslun á Íslandi í 30 ár.

„Við höfum líka opnað neytendavæna netverslun þar sem núna er hægt að greiða fyrir vörurnar með kreditkorti jafnt sem millifærslu. Við höfum lítið get

að byggt upp lager fyrir veturinn þar sem salan var talsvert mikil í sumar og kom okkur á óvart“ segir Halldóra. Framleiðslan hófst með hönnun Halldóru á Dórukotshúfunum svokölluðu en þessar litríku húfur hafa sést reglulega á kollum barna á norðanverðum Vestfjörðum sem og víðar. Það sem byrjaði sem jólagjafir hjá dagmömmunni þróaðist fljótt í sölu á húfunum sívinsælu.

Framleiðslan hefur einnig

þróast í aðrar áttir. „Við jukum líka vörurvalið hjá okkur síðastliðið vor og fórum að sauma kerrusvuntur, hlífar á reiðhjólaknakka, ermasmekki, smekki, bíl sætishlífar auk húfanna og vettlingahlífar, og hafa þessar vörur verið hver annarri vinsælli. Við reynum þó alltaf að eiga eitthvað til og eru vegfarendur alltaf velkomnir svo lengi sem það er ljós hjá okkur,“ segir Halldóra.

– thelma@bb.is

Piparosta-döðlukjúklingur með ostasósu

Sælkeri vikunnar býður upp á ómótstæðilegan kjúklingarétt þar sem bringur eru fylltar með ljúffengu deigi sem samanstendur af döðlum og piparosti. Til að setja punktinn yfir i-ið er rétturinn borinn fram með dýrlegri ostasósu. Í eftirrétt er svo Rolo-mar-engsterta sem svíkur engan sannan sælkeri.

Piparosta-döðlukjúklingur

4 kjúklingabringur
1 piparostur
1 handfylli döðlur
Ólífuoía
Salt
Pipar

Takið piparost og döðlur og setjið í matvinnsluvél og bleytið með smá olíu. Blandið saman



þar til þetta verður að hálfgerðu deigi. Skerið vasa í kjúklingabringurnar og setjið ostadöðlu-deigið inn í vasann. Kryddið bringurnar með salt og pipar. Brúnið á pönnu og setjið síðan inn í 200°C heitan ofn þar til kjúklingurinn er tilbúinn.

Ostasósa

Piparostur eða annar góður ostur
Mjólk eða matreiðslurjómi
Kjúklingakraftur
Sósujafnari (ef þarf)

Brytjið ostinn niður og setjið í

pott með hæfilega miklu magni af mjólk/rjóma og bræðið saman. Gott er að bragðbæta með kjúklingakrafti eða grænmetisrafti.

Berið fram með salati og krumpuðum kartöflum sem eru soðnar kartöflur steiktar í hýði uppúr smjöri og salti þar til þær krumpast.

Rolo-mar-engsterta

5 eggjahvítur
160 g sykurl
100 g púðursykurl
1 ts vanilludropar
5 dl rjómi
3 pakkur Rolo



Sælkeri vikunnar er Hlynur Kristjánsson á Ísafirði.

Hitið ofninn í 150°C. Setjið smjörpappír í tvo hringlaga form. Stíflpeytið eggjahvítur, sykurlinn og vanilludropana saman í skál. Setjið deigið í bæði formin. Bakið í miðjum ofninum í c.a. 60 mín. Þegar botnarnir eru bakaðir og búnir að kólna, þeytið

þá rjómann og setjið ofan á neðri botninn og setjið þann efri ofan á. Bræðið roloið með smá slettum af rjóma í skál í vatnsbaði. Látið súkkulaðið kólna örlítið og hellið yfir kökuna.

Ég skora á Valtýr Gíslason að vera næsti sælkeri vikunnar.



Dregið var úr innsendum pössum í Fjallapassaleiknum í Stjórnsýsluhúsinu.

Vinningshafar Fjallapassans dregnir út

Vinningshafar fjallgönguleikans Fjallapassans 2010 voru dregnir úr í síðustu viku. Dregið var úr innsendum pössum og er óhætt að fullyrða að um 500 fjallgönguferðir hafi verið farnar fyrir tilstuðlan þessa leiks sem Heilsuefning í Ísafjarðarbæ og Héraðssambands Vestfirðinga hefur staðið fyrir undanfarin sumur. Daniel Jakobsson nýráðinn bæjarstjóri dró vinningana út og var fulltrúi Sýslumannsins á Ísafirði viðstaddur til þess að gæta að allt færi löglega fram.

„Heilsuefning í Ísafjarðarbæ og HSV vill þakka þeim fjölmörgu sem tóku þátt í leiknum og vonum að þeir hafi haft bæði gagn og gaman af þátttökunni. Jafnframt viljum við þakka þeim fjölmörgu styrktaraðilum sem gerðu okkur kleift að gera þennan leik

að veruleika,“ segir í tilkynningu. Vinningshafar í leiknum eru:

Magnea Garðarsdóttir, Ísafirði - Flug innanlands fram og til baka með Flugfélagi Íslands. Guðbjörg Kristín Arnarsdóttir, Reykjavík - Gjafabréf frá Vesturferðum- gönguferð milli Aðalvíkur og Hesteyrar.

Hallgrímur Hjálmarsson, Hnífsdal - bankabók frá Sparisjóðnum með 10.000 kr. inneign.

Arna Kristbjörnsdóttir Ísafirði - bankabók frá Sparisjóðnum með 10.000 kr. inneign.

Þórdís Guðmundsdóttir, Ísafirði - bankabók frá Íslandsbanka með 10.000 kr. inneign.

Oddur Örn Sævarsson, Akranesi - Gjafabréf frá Hafnarbúðinni.

Hrafn Snorrason, Ísafirði - Ferðabók frá Eymundsson hf.

Kolbrún Halldórsdóttir, Ísafirði - Ferðabók frá Eymundsson hf.

Eftirtaldir fengur sundkort frá Ísafjarðarbæ:

Oddný B. Birgisdóttir, Ísafirði. Jóhanna Oddsdóttir, Ísafirði. Sigurbjörg Kjartansdóttir, Ísafirði.

Arnar Guðmundsson, Ísafirði. Soffía Þóra Einarisdóttir, Ísafirði.

Kristmann Kristmannsson, Reykjavík.

Magnea Halldórsdóttir, Reykjavík.

Andrés Núi Arnarsson, Reykjavík.

Vilmar Ben Hallgrímsson, Ísafirði.

Rannveig Halldórsdóttir, Ísafirði.

– thelma@bb.is



Starfsmaður Ísafirði

Starfsmaður óskast í fullt starf við þjónustustöð Vegagerðarinnar á Ísafirði.

Starfssvið:

- Rafræn vöktun á vegakerfinu.
- Viðhald, þjónusta og nýbyggingar vega.
- Ýmis vinna í starfsstöð.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Almennt grunnnám.
- Tölvukunnátta.
- Vinnuvélaréttindi.
- Meirapróf bifreiðastjóra æskileg.
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt.
- Góðir samstarfshæfileikar.

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við starfsmannastefnu Vegagerðarinnar eru konur með tilskyldar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til 4. október 2010. Umsóknir með upplýsingum um hæfni berist forstöðumanni starfsmannadeildar, netfang: starf@vegagerdin.is. Umsóknareyðublað, sem þó er ekki nauðsynlegt að nota, má finna á vefslóðinni: <http://www.vegagerdin.is/umsoknir-og-leyfi/ymislegt/>

Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar um starfið veitir Geir Sigurðsson, rekstrarstjóri í síma 522 1661.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS

Ljósflíandi minningar um notalega helgi við lítinn fjörð. Göngutúr út eftir eyrinni. Koss við höfnina. Maður verður betra foreldri af því að komast að heiman af og til. Ekki of langt. En nógu langt. Hringdu í 570 3030 og bókaðu skyndikynni með makanum þínum.

FLUG OG GISTING Í EINA NÓTT
FRÁ AÐEINS 21.030 KR.*



FLUGFÉLAG ÍSLANDS